


Helga Sigurmundsdóttir

Verkefni til að þjálfja hljóðkerfisvitund í tengslum við lestur og stafsetningu

Verkefnin eru byggð á bókinni Litlu landnemarnir
eftir Iðunni Steinsdóttur





Til kennara

Markmiðið með þessum verkefnum er að þjálfa hljóðkerfisvitund nemenda samhliða kennslu í lestri og stafsetningu. Efnið var unnið í tengslum við rannsókn sem höfundur gerði árin 2000 og 2001.

Verkefnin henta einkum nemendum

- með lestrarerfiðleika
- sem eru seinir að tileinka sér lestur

Í ljós hefur komið að verkefni geta einnig nýst nemendum með annað móðurmál en íslensku enda er hljóðkerfi íslenskunnar þeim oft bæði framandi og erfitt.

Efnið má nota með nemendum á mismunandi aldri, allt frá átta ára og fram á unglingsstig. Ræðst það af þörf nemanda, áhuga og getu. Æskilegt er að nemendur vinni verkefnin í litlum hópum, 4–8 nemendur í hópi, en þau má einnig nota í einstaklingskennslu. Bókinni er skipt niður í u.þ.b. 30 kennslustundir. Hér á eftir fara verkefni fyrir hverja kennslustund, bæði munnleg og skrifleg. Nemendur fá aðeins þau skriflegu í hendur.

Um efnið

Við gerð námsefnisins var tekið mið af því hvernig hljóðkerfisvitund er skilgreind í ýmsum fræðiritum og hafðar til hliðsjónar ýmsar hugmyndir sem reynst hafa vel í lestrar-kennslu. Í því sambandi má t.d. nefna bækur eins og *Markviss málörvun í starfi og leik* (Helga Friðfinnsdóttir o. fl. 1988, 1999); *Hljóðskraf* (Rósa Eggertsdóttir 1999); *Að hlusta sjá og skrifa* (Rannveig G. Lund 1988); *Lestrarnámskeið* (Ásta Lárusdóttir o. fl. 1991). Flestar bækurnar má fá hjá Námsgagnastofnun. Hér er því ekki um nýja aðferð að ræða heldur er leitast við að flétta saman aðferðum á skipulegan hátt.

Á síðustu árum hefur komið í ljós að hljóðkerfisvitund er mikilvæg forsenda lesturs og margir fræðimenn sem stunda lestrarrannsóknir telja að lestrarerfiðleika megi í mörgum tilvikum rekja til veikleika í hljóðkerfisvitund. Dyslexía er iðulega skilgreind sem sér-tæk málræn röskun af líffræðilegum toga. Nemendur með dyslexíu eiga gjarnan í erfið-leikum með umskráningu orða sem oft má rekja til veikleika í hljóðkerfisvitund.

Umskráning

Umskráning er ferli sem á sér stað við lestur og felur í sér hæfni til að

- skipta orði niður í einstök máhljóð.
- breyta hljóðum einstakra bókstafa í rétt/viðeigandi máhljóð.
- tengja saman hljóð til að mynda orð.
- þekkja orð/orðmynd, skilja merkingu og lesa viðstöðulaust.
- umskrá hljóðarunur í stafi, þ.e. stafsetja orð.

Hljóðkerfisvitund

Hljóðkerfisvitund (phonological awareness) er skilningur nemandans á því hvernig greina má töluð orð og setningar í einingar en talmál er brotið upp í misstórar einingar,

svo sem setningar, orð og atkvæði/orðhluta/orðbúta (t.d. *lestur í lest - ur*). Góð hljóðkerfisvitund felst í því að hafa næma tilfinningu fyrir öllum hljóðeiningum málsins og geta t.d. sleppt úr, bætt við og/eða skipt um hljóð eða atkvæði/hluta/búta í orðum.

Reynslan sýnir að í lestrarkennslu nemenda með lestrarerfiðleika næst oft bestur árangur þegar lestur og ritun er æft samtímis og notaður merkingarbær texti. Stafsetningin gerir hljóðin áþreifanleg/sýnileg og hjálpar nemendum að festa þau í minni. Merking textans og samhengið auðveldar lesturinn og hjálpar nemendum að átta sig á hljóðum, orðum og einstaka orðhlutum.

Í verkefnunum með bókunum *Mokoka* og *Litlu landnemarnir* er lögð áhersla á


- að verkefni reyni á sem flesta þætti hljóðkerfisvitundarinnar
- munnlegar æfingar sem reyna á hljóðkerfisvitund nemenda, heyrnæna skynjun þeirra og minni
- skrifleg verkefni sem æfa sömu atriði og æfð voru munnlega
- fjalla um og fást við orð og setningar úr lefni hvers dags til að auðvelda lesendum að þekkja orðin aftur.

Í verkefnunum er fengist við eftirfarandi atriði:

- rím
- að finna sérhljóð, samhljóð og einstök samhljóðasambönd
- atkvæðaskiptingu
- hljóðgreiningu og hljóðtengingu
- hljóðeyðingu (forhljóð, innhljóð, endahljóð)
- hljóðavíxlun
- muninn á einföldum og tvöföldum samhljóðum í innstöðu
- sundurgreiningu hljóða í orði (stafsetning)
- málfræði (samsett orð, no., lo., so., nútíð/þátíð, orðaröð, forskeyti/viðskeyti)
- lesskilning og ritun

Heppilegt skipulag í kennslustund

1. Lestur blaðsíðna sem tengjast verkefnum dagsins.
2. Farið yfir munnleg verkefni.
3. Farið er yfir önnur atriði sem geta reynst nemendum erfið og nauðsynlegt er að útskýra áður en verkefnavinna hefst, t.d. merkingu einstakra orða, sundurgreiningu orða og/eða rekja þau í lesbúta.
4. Nemendur vinna skrifleg verkefni. Þegar nemendur eru komnir af stað og orðnir þjálfaðir í að vinna sjálfstætt gefst kennara ráðrúm til að ganga á milli nemenda og veita einstaklingshjálp, hlusta á hvern og einn lesa og endurtaka og fara betur í munnlegu verkefni.
5. Stafsetning eftir upplestri einu sinni til þrisvar í viku. Valinn kafli úr lefni dagsins. Áður er texti skoðaður, orð flokkuð í y/y-orð, orð með tvöföldum samhljóða í innstöðu og önnur erfið orð. Nemendur fara sjálfir yfir. Mikilvægt er að þeir læri að finna eigin villur og leiðréttu þær.



Munnleg verkefni, bls. 3–7

Nemendur lesa bls. 3. Nemendur þurfa að vera komnir sæmilega af stað í lestri til að geta unnið og leyst verkefnið. Þeir sem eiga erfitt með lestur geta byrjað á að hlusta á hljóðbók með sögunni og notað hana samhliða prentuðu útgáfunni.

Atriði til að fjalla um í byrjun

Ræða heiti bókarinnar, vekja athygli á myndum og fá nemendur til að velta fyrir sér um hvað bókin fjallar út frá myndaskoðun. Tengja má umfjöllun um bókina við námsefnið Landnám Íslands.

Finna sérhljóð

Sýna hvernig skipta má orðinu landnemar til að auðvelda lestur þess og annarra langra og samsettra orða. Hvað eru mörg sérhljóð í orðinu og þá um leið klöpp/lesbútar. Orðið skrifað á töflu/blað og strikað undir sérhljóðin.

Nota tækifærið til að rifja upp sérhljóðin.

Samsett orð

Útskýra orðin landnám, landnámsmenn. Úr hvaða orðum er landnemarnir samsett? Nemendur hvattir til að finna fleiri samsett orð?

Hljóðeyðing

Ef fyrsta hljóðinu/stafnum í orðinu landnemar er sleppt hvernig myndi það hljóma?

Ef tveimur fyrstu hljóðum/stöfum orðsins er sleppt í orðinu hvernig hljómar það þá?

Samhljóðasambönd

Rifja upp muninn á sérhljóða og samhljóða og útskýra hugtakið samhljóðasamband. Fara yfir samhljóðasamböndin sem koma fyrir fremst í orðum á bls. 3, þ.e. kl, fj, sm, tv, hl, gn, sn, sk, kv. Látta nemendur finna fleiri orð sem byrja á þessum samhljóðasamböndum.

Nemendur skrifa eftir upplestri – bls. 3

Ísólfur og Helga sátu á kletti uppi í hlíðinni og horfðu út yfir fjörðinn.

Yfir þeim gnæfði Nípan, há og snarbrött.

Áður en nemendur skrifa textann sjálfir beinir kennari athygli þeirra að rithætti **feitletruðu** orðanna. Hentugt er að skrifa orðin á töfluna og minna á reglur um stóran staf, tvöfaldan samhljóða í innstöðu og minn- og mín- regluna.

Vekja athygli á muninum á f/v (Ísólfur) og p/b (Nípan).

Skrifleg verkefni, bls. 3

- ❖ Fyrstu tvo stafina vantar framan við sum orðin. Finndu hvaða stafi (samhljóðasambönd) vantar og skráðu þá inn í eyðurnar:

Í ____arska ____áðu við þung högg. ____iðirnir voru niðri í
____öru að ____íða tvö ____ór ____ip.




- ❖ Búðu til samsett orð úr orðunum.

Ís + land _____

Land + namar _____

Ís + ólfur _____

- ❖ Skrifðu eftir upplestri og leiðréttu síðan. Textinn er á bls. 3.



Skrifleg verkefni, bls. 4–6


- ❖ Skrifðu öll orð sem þú finnur með **tvöföldum samhljóða** í á bls. 4. Tvöfaldur samhljóði er t.d. inni í orðunum **pabbi** og **mamma**.

- ❖ Hvernig **breytast** eftirfarandi orð ef **fyrsti stafurinn** er tekinn í burtu?

marga	arga _____	daga	_____
börnin	_____	leið	_____
fætur	_____	lönd	_____
smiður	_____	sjá	_____

- ❖ Finndu 4 **samhljóðasambönd** (tveir eða fleiri samhljóðar saman) fremst í orðum í textanum og strikaðu undir þau. Finndu svo 4 ný orð sem byrja á sömu samhljóðasamböndum og þú strikaðir undir og skráðu þau.

Atli bróðir þeirra kom með fugla sem hann hafði veitt í snörur. Í kvöld fengu þau gómsætan sjófugl í matinn.



Munnleg verkefni, bls. 8–10

Sagnorð – tíðbeyging

Útskýra fyrir nemendum að aðeins sagnorð geta staðið í nútíð og þátíð. Til að breyta sagnorðum í nútíð eða þátíð er auðvelt að nota orðin **núna** fyrir nútíð og **í gær** fyrir þátíðina, t.d. ég fer í skólann núna og ég fór líka í skólann í gær.

Nemendur finna nútíð og þátíð algengra sagna munnlega. Búa til setningar og nota hjálparorðin núna og í gær: leika, koma, ganga, hlaupa, vita, tala, bera, eiga, vera, svara, glotta, taka, lalla, kaupa, selja, trúna, hafa, segja, halda, stjórna, gráta, hugsa.

Að finna leyniorð:

Nemendum eru gefnir bókstafir orðs en röð þeirra ruglað (gott er að hafa öll sérhljóð saman og samhljóð saman). Þeir eiga að finna eins mörg tveggja stafa orð og þeir geta úr stöfunum, síðan þriggja stafa orð, fjögurra stafa orð o. s. frv. eftir því hversu langt leyniorðið er.

Nauðsynlegt er að æfa þetta með nemendum á töflunni áður en þeir eru látnir leysa verkefnið skriflega. Athugið að orðið Aldís er notað í skriflegum verkefnum og þess vegna er lausnin með hér:

Búið til eins mörg tveggja stafa orð og þið getið úr stöfunum ÞRRIÓ:

Tveggja stafa orð: þó, ór, ró eða al, ís, da, as, sí, dí

Þriggja stafa orð: Þór, óri, þir eða dís, las, slí, alí, lís, ísa, das, sal, íla

Fjögurra stafa orð: Þóri, eða dása, síld, ísal

Fimm stafa orð: Þórir eða Aldís

Rím

Nemendur finna rímorð og skoða hvaða stafir eru eins og hvaða stafir breytast í rímorðunum. Kennari skrifar nokkur rímorð á töfluna og strikar undir það sem er eins.

Ína	síma
fína	ríma
Kína	híma
sína	líma
mína	kíma
rína	tíma



Skrifleg verkefni, bls. 8–10

- ❖ Skrifaðu textann og settu sagnorðin (feitletruðu orðin) í þátíð, t.d. ég fer (núna) breytist í ég fór (í gær).

Faðir þeirra **á** nokkra þræla og ambáttir. Þeirra **á** meðal **er** Aldís. Hún **er** ung stúlka þegar hann **kaupir** hana á markaði. Aldís **kann** ekki málið þegar hún **kemur** til Noregs. Hún **talur** ekki eins og fólkíð í kring. Hún **gætir** barnanna **á** meðan móðir þeirra **hugsar** um bæinn og **stjórnar** fólkinu sem **býr** þar.

- ❖ Búðu til eins mörg tveggja-, þriggja-, fjögurra og fimm stafa orð og þú getur úr stöfunum **d s l a í**.

Tveggja stafa orð _____

Þriggja stafa orð _____

Fjögurra stafa orð _____

Fimm stafa orð _____ Leyniorðið er _____

Skrifaðu öll rímorð sem þú getur fundið og og strikaðu undir þann hluta orðanna sem er eins.

Guð _____

kemur _____

gætir _____



Skrifleg verkefni – lesskilniningur, bls. 3–10

❖ Reyndu að svara án þess að kíkja í bókina. Ef þú manst ekki svarið getur þú fundið það í bókinni.

1. Hvar bjuggu Helga og Ísólfrur í byrjun sögunnar? _____

2. Hvert áttu þau að flytja? _____

3. Hvernig ætluðu þau að ferðast þangað? _____

4. Hvers vegna fékk Ísólfrur tár í augun? _____

5. Hvað hét bróðir Helgu og Ísólfs? _____


6. Hver var Þórir? _____

7. Hvað hét móðir Helgu og Ísólfs og afhverju hafði hún lítinn tíma til að sinna þeim?

8. Segðu frá Aldísi. Af hverju hún kom til Noregs?

Hvert var hlutverk hennar?

Af hverju var hún ólík hinu fólkinu á bænum?



Munnleg verkefni, bls. 11–23

Stafavíxl

Kennari segir tvö orð og nemendur eiga að víxla upphafsstöfum þeirra, t.d. Solla og Tóta verða Tolla og Sóta. Útskýra nánar með nöfnum barnanna, t.d. Helga – Ísólfulur verður íelga – hsólfulur sem gengur ekki þar eð hér fara saman tvö sérhljóð og tvö samhljóð sem hljóma ekki saman.

Hins vegar er hægt að víxla stöfunum í Helga og Bjólfur sem Belga og Hjólfur.

Fleiri orð úr texta sem nota má til að víxla upphafsstöfum:

amma – okkar, Víkingar – Loðmundur, faðir – móðir, hellir – fela, fundur – markaður, her – bær, veisla – ganga

Hljóðeyðing innan úr orði

Kennari segir orð, endurtekur það og sleppir einu hljóði. Nemendurnir eiga að finna hvaða hljóði er sleppt.

Ísland – íland-s

Freyr – feyr

Loðmundur-lomundur-ð

tröll – tröl - l

Bjólfur – Bjólur - f

karlar – karar - l

blót – bót - l

blóðið – bóðið - l

Helga – hela -g

Kennari segir orðin og stafinn sem á að sleppa. Nemendur segja hvernig orðið hljómar án hljóðsins/stafsins. Ef l er tekið úr orðinu hlakka hvernig breytist það? Sleppa t.d.

l úr slóra – sóra

r úr hræddur – hæddur

t úr stökk – sökk

p úr hoppaði – hopaði

g úr sorglegt – sorlegt, r úr sorglegt soglegt

j úr biðjum – biðum

m úr gamla – gala

g úr löngu – lönu

Upplestur bls. 16.

Eftir blótið var haldin mikil veisla. **Skrokkar kindanna** voru steiktir **yfir** eldi og steikin **snædd** með **nýju** brauði. **Fullorðna** fólkið **drakk** öl. Ísólfulur og Helga **læddust** út, þeim **leiddust** þessi læti.

Áður en nemendur skrifa textann sjálfir beinir kennari athygli þeirra að rithætti feitletruðu orðanna. Hentugt er að skrifa orðin á töfluna og minna á reglur um stóran staf, tvöfaldan samhljóða í innstöðu og minn- og mín- regluna. Gott er að flokka orðin til að efla sjónminnið, búa til flokk með t.d. y-orðum og orðum með tvöföldum samhljóða í innstöðu.



Skrifleg verkefni, bls. 11–16

- ❖ Víxlaðu fremstu stöfunum í orðunum og sjáðu hvernig orðin breytast.

Bjólfur og Loðmundur Ljólfur _____ og Boðmundur _____

hof og kindur _____ og _____

hreppa og kallar _____ og _____

banna og Dalla _____ og _____

- ❖ Sjáðu hvernig orðin breytast þegar stöfum er sleppt. Taktu einn staf úr orðunum og skrifaðu þau svo á strikin.

- ❖ Taktu

l úr Dalla _____

l úr blót _____


n úr banna _____

t úr Atla _____

n úr storkna _____

j úr fjórum _____

- ❖ Skrifaðu eftir upplestri og leiðréttu síðan. Textinn er á bls. 16.



Munnleg verkefni, bls. 17–23

Lesbútar


Vekja skal athygli nemenda á taktbundinni skiptingu sérhljóða í orðum, sbr. klöpp. Nemendur klappa orðið Ísólfur til að átta sig á hvernig búta má það í þrjá búta sem auðveldar lestur og stafsetningu. Tala einnig um samsett orð, alltaf er byrjað á að skipta orðum við samskeytin, t.d. Loð-mundur.

Stafavíxl

Nemendur víxla fremstu stöfunum í orðunum. Rætt við nemendur hvenær víxlunin leiðir til þess að orðin verða óskiljanleg og hvenær verða til önnur merkingabær orð.

- Þór – karl verða kór og þarl
- Frigg – Dalla verða drigg og falla
- hugsa – pabbi verða pugsá og habbi.
- Aldís – ísólfur verða íldís og asólfur
- slóra – fara verða flóra og sara
- vona – tauta verða tona og vauta

Skrifleg verkefni, bls. 17–23



- ❖ Finndu sérhljóðin í textanum, strikaðu undir þau og flokkaðu orðin eftir fjölda sérhljóða.

Innar á eyjunni var hátt fjall. Efst á því var klettur sem leit út eins og tröllkarl með poka á bakinu. Mig langaði alltaf að klifra upp á hann og gá hvað væri í pokanum.

1 sérhljóð	2 sérhljóð	3 sérhljóð

- ❖ Skiptu orðunum í lesbúta. Mundu að skipta samsettum orðum um samskeytin áður en þú skiptir þeim í búta.

ví | kin | gar

hömrunum

systkinum

fallegri

Ljóðhús

hræddur

Íslandi

hoppaði

tröllkarl



Skrifleg verkefni – lesskilningur, bls. 11–23

Segðu frá blótinu sem Þjólfur og Loðmundur héldu áður en lagt var af stað til Íslands?

Hverju spáðu goðin um ferðina til Íslands? _____


Af hverju kom Þórir ekki á blótið?

Hverning tókst móður og bræðrum Aldísar að komast undan víkingunum sem hertóku Aldísi ?

Af hverju komst Aldís ekki undan víkingunum?

Hvað hét eyjan hennar Aldísar? _____

Af hverju var ekki líklegt að Þórir og Aldís fengju frelsi?



Munnleg verkefni, bls. 24–30

Hljóðtenging

Kennari segir hljóð stafa í orðunum hér á eftir (eitt hljóð í einu) og nemendur tengja saman og segja orðið. Segja nemendum að sum hljóðin eru e.t.v. ekki borin eins fram og þau eru stöfuð/hljóðuð, dæmi: skógar, stafla o.s.frv.

Orð til að hljóða: hluti, siglt, skapaða, trjáboli, lands, stafla, eyjunni, hlöss, fjöll, skógar, tréfötur, sífellu, roguðust, glórunni, kvígur, hlaupa, höfðingjar, dottnar.

Orðaröð

Nemendur raða orðunum í rétta orðaröð. Ef nemendum reynist erfitt að gera þetta munnlega er tilvalið að setja orðin á spjöld og láta nemendur raða spjöldunum. Oft hjálpar að gefa nemendum fyrsta orðið.

Í galaði sífellu haninn.

Tréfötur með þau stórar roguðust
Lengi orðið við leiðinni gætum.
Ekki langaði ferðalag þetta í þau.
Sagði gætu Atli goðin reiðst að.
Kjáni sagði láttu eins og ekki Ísólfur.
Ógurlega gretti Helga sig.

Skrifað eftir upplestri (bls. 28–29)

Kindurnar og geiturnar létu svo **illa** að tvær **þeirra** voru næstum **dottnar** í sjóinn. Svo komu hestarnir **Jarpur** og **Vordís**. Þeir voru alveg rólegir og **gengu** um borð eins og höfðingjar. Kvígurnar **reyndu** að **hlaupa** burt og bolinn **setti** undir sig hausinn og bölvaði.

Áður en nemendur skrifa textann sjálfir beinir kennari athygli þeirra að rithætti **feitlettruðu** orðanna. Hentugt er að skrifa orðin á töfluna og minna á reglur um stóran staf, tvöfaldan samhljóða í innstöðu og minn- og mín- regluna og jafnvel ng-regluna.



Skrifleg verkefni, bls. 24–30

- ❖ Raðaðu orðunum í rétta röð og búðu til setningu.

göggðu að glórunni eins og hænurnar væru þær tapa

hún í Óðinn framan alveg varð eins og

- ❖ Finndu **sérhljóðin** sem vantar og skráðu þau í eyðurnar. Berðu svo saman við textann á bls. 24 í bókinni.

Þ___ð var í m___rgu að sn___ast áð___r en l___gt var af

st___ð. Þau ___rðu að h___fa all___ sk___paða hl___ti með

s___r. Sk___punum var s___gt ___ns n___rri l___ndi og

h___gt var. Svo v___ru l___ngir trj___bolir l___gðir út í

þ___ og eft___r þ___m g___ngu m___nn m___lli sk___ps og

l___nds.

- ❖ Á blaðsíðu 25 eru 4 orð með **y**, **ey** eða **ý**. Finndu þau og skrifaðu þau hér fyrir neðan?

- ❖ Búið til **samsett orð**.

tré + bolur = _____ trú + villa = _____

tré + fata = _____ vatn + tunna = _____



Skrifleg verkefni, bls. 24–30

- ❖ Skrifaðu eftir upplestri og leiðréttu síðan. Textinn er á bls. 28.

- ❖ Finndu hvaða **samhljóða** vantar í orðin og skráðu þau í eyðurnar. Berðu svo saman við textann á bls. 26.


H___að æ___li við séum eigin___ega búin að fa___a mar___ar

fer___ir s___urði Hel___a og s___undi þe___ar tun___urnar

vo___u lo___s fu___lar. Ég veit ek___i, en það er ei___s

go___t að ha___a nóg. Við gæ___um or___ið len___i á

lei___inni s___araði Ísól___ur.



Skrifleg verkefni – lesskilningur, bls. 24–30

Af hverju þurftu landnemarnir að hafa mikinn trjávið með sér til nýja landsins?

Hvað annað en timbur þurfti fólkið að hafa með sér?

Hvernig var vatnið geymt um borð í skipinu? _____

Hvers vegna voru hæsnin höfð í búri?


Hvað hétu hestarnir sem fóru um borð?

Hvað þýðir orðtakið að reka lestina?

Af hverju voru mörg dýr óróleg?

Yfir hverju gátu goðin hugsanlega reiðst?

Af hverju kallaði Atli trú Aldísar villutrú?



Munnleg verkefni, bls. 31–34

Hljóðeyðing

Hvernig breytast orðin ef samhljóðasambandinu fremst er sleppt (tveir fremstu stafirnir sem báðir eru samhljóðar)?

fremra
þrælarnir
skipinu
Bjölfur
fjörðinn
hlakka
sjá
fjöllin
gráta
klettinn
hverfa
skálann
kringum

Nemendur skrifa eftir upplestri (texti á bls. 32)

Nú **fannst** honum **allt** í einu svo sorglegt að vera að fara. Hann **deplaði** augunum **ótt** og **títt**. Hann vildi **ekki gráta**, en gat þó ekki **annað**. Hann sá **skálann þeirra hverfa**, líka **klettinn** þar sem hann og Helga **höfðu** svo oft setið saman og síðan **fjöllin eitt** af öðru.

Áður en nemendur skrifa textann sjálfir beinir kennari athygli þeirra að rithætti **feitlettruðu** orðanna. Hentugt er að skrifa orðin á töfluna og minna á reglur um stóran staf, tvöfaldan samhljóða í innstöðu og minn- og mín- regluna. Minna á erfiðleika við að greina á milli hljóðlíkra stafa.



Skrifleg verkefni, bls. 31–32

Hverjir réru skipunum út fjörðinn? _____

Haldið þið að þeir þurfi að róa alla leið til Íslands, ef ekki hvernig kemst skipið áfram?

Hvers vegna fór Ísólfur niður til dýranna?

Skrifaðu eftir upplestri og leiðréttu síðan. Textinn er á bls. 32.



Skrifleg verkefni, bls. 31–34

- ❖ Finndu bls. 34 í bókinni og skrifaðu **orðin sem vantar** í eyðurnar.

_____ fengi hún að vita _____ hægt var að komast á milli _____ út í _____ heim sem var hinum _____.

_____ saman var eins og allt _____. Fjöllin sem alltaf höfðu staðið _____ saman voru _____ langt í burtu _____ frá öðru.

Þrælarnir réru _____ og skipið skreið _____ fjallanna eins og _____ væri. Svo _____ ný fjöll en _____ var eins _____ og Nípan.

- ❖ Skrifaðu orðin og slepptu **samhljóðasamböndunum fremst**.

fremra _____ *emra* _____

Bjölfur _____ *ólfur* _____

skein _____

þrælar _____

skipunum _____

fjörðinn _____

hlakka _____

sjá _____

gráta _____

hverfa _____

fjöllin _____


skálann _____

stakk _____

kringum _____

klettinn _____

skyndilega _____



Munnleg verkefni, bls. 35-43

Sagnorð nútíð og þátíð

Útskýra fyrir nemendum að aðeins sagnorð geta staðið í nútíð og þátíð. Til að breyta sagnorðum í nútíð eða þátíð er hentugt að nota orðin núna fyrir nútíð og í gær fyrir þátíðina (það sem er búið að gerast), t.d. ég fer í skólann **núna** og ég fór líka í skólann **í gær**.

Bókin landnemarnir segja frá atburðum sem búnir eru að gerast og þess vegna er hún að mestu leyti í þátíð. Nú skulum við breyta nokkrum sagnorðum úr þátíð í nútíð. Munið að nota orðið núna.

var – er
þutu – þjóta
höfðu – hafa
skriðu – skríða
áttu – eiga
sváfu – sofa
sátu – sitja
lágu – liggja
valt – velta
saumaði – sauma

Að skipta um forhljóð

Nemendur prófa að setja mismundandi hljóð og samhljóðasambönd fyrir framan orðin, sýna fyrst á töflunni: _ oðin, g-goðin, s-soðin, b- boðinn, l-loðinn, tr-troðin, r- roðin, hr-hroðin, st-stoðin, sk-skoðin o.s.frv.

Nemendur skrifa eftir upplestri (texti á bls. 43)

Um kvöldið **lifnuðu allir** aftur og **drifu** sig **inn** í **Valhöll**. Þar **héldu** þeir veislu **alla nóttina** og **máttu** borða og **drekka** eins og þeir vildu. **Óðinn sjálfur** sat veisluna með þeim.

Áður en nemendur skrifa textann sjálfir beinir kennari athygli þeirra að rithætti feitlettuðu orðanna. Hentugt er að skrifa orðin á töfluna og minna á reglur um stóran staf, tvöfaldan samhljóða í innstöðu og minn- og mín- regluna. Minna á erfiðleika við að greina á milli hljóðlíkra stafa.



Skrifleg verkefni, bls. 35–43

Í hverju svaf fólkið um borð í skipinu? _____

Hvers vegna reyndist ferðalagið yfir hafið erfitt? _____

Hverjir urðu sjóveikir á leiðinni? _____


Um hvaða spá er Dalla móðir Helgu að tala þegar hún sagði: Manstu ekki að spáin sagði að við mundum týna einhverju á leiðinni?

Af hverju vildi Atli ekki drukna? _____

Hverjir fóru til Valhallar eftir dauða sinn samkvæmt norrænni goðatru?

Hvaða goð bjó í Valhöll og hvernig gekk hið daglega líf fyrir sig þar?

Skrifleg verkefni, bls. 35–43



- ❖ Skrifaðu eftir upplestri og leiðréttu síðan. Textinn er á bls. 43.

- ❖ Settu stafina **g, s, tr, b, l, r, hr, st, sk** fyrir framan **oðin** og skrifaðu orðin á línuna.


goðin

- ❖ Settu stafina **g, s, br, l, k, h, st, sk, p, m** fyrir framan orðið **alla** og skrifaðu orðin á línuna.

galla

- ❖ Settu stafina **s, t, dr, k, r, sk, gl** fyrir framan **ápa** og skrifið orðin á línuna.

sápa



Munnleg verkefni, bls. 44–51

Sagnorð

Rífa upp að nafnháttur endar oftast á a og auðvelt er að finna nafnhátt sagna með því að setja orðið að fyrir framan. Nafnháttur sagna er alltaf gefinn upp í orðabókum. Nemendur finna nafnhátt nokkurra algengra sagna.

Hvernig er þátíð eftirfarandi sagnorða?

sigla – sigldi

velkja – velkti

dreyma – dreymdi

girða – girti

bíða – beið

liggja – lá

segja – sagði

hrópa – hrópaði

koma – kom

flytja – flutti

þykir – þótti

vita – vissi

Nemendur skrifa eftir upplestri, bls. 45

Þar var miklu **lygnara** en úti á hafinu. Skipunum var **lagt** við **akkeri** og fólkið **flutt** í land á **skipsbátunum**. **Dýrin** voru þó **skilin** eftir um borð. Mikið voru þau **fegin** að komast í land. Helga **hætti** að **kúgast** og **fékk** málið aftur.

Áður en nemendur skrifa textann sjálfir beinir kennari athygli þeirra að rithætti **feitletruðu** orðanna. Hentugt er að skrifa orðin á töfluna og minna á reglur um stóran staf, tvöfaldan samhljóða í innstöðu og minn- og mín- regluna. Minna á erfiðleika við að greina á milli hljóðlíkra stafa og hvetja nemendur til að reyna að festa y-orð í minni.



Skrifleg verkefni, bls. 44–51

- ❖ Finndu nafnhátt sagnorðanna og skrifaðu á línurnar. Þú finnur nafnhátt með því að setja að fyrir framan.

velkst að velkjast dreymt að _____

sigt að _____ girt að _____

reist að _____ hreyft að _____

- ❖ Skrifaðu textann í þátíð. Gott er að nota í gær til að hjálpa þér að finna þátíðina. Sagnorðin eru feitletruð.

Börnin **eru** fegin að koma í land. Þau **hlaupa** um í fjörunni, **skoða** skeljar og bobba og **tína** blóm. Ísólfur **snýr** sér að Aldísi og **spyr**. „Er þetta ekki eins og eyjan þín?“ Hún **horfir** þögun á hann og **svarar**. „Jú næstum því.“ Síðan **faðmar** hún Ísólfr og Helgu.

- ❖ Finndu orð sem **ríma** við feitletruðu orðin hér að neðan og skráðu.

Úti var mikil **poka** en krakkarnir skríða ofan í _____

Þau fara inn í tjald og **lofa** að fara strax að _____

Þau voru með mikinn matar**forða** svo að allir fengu nóg að _____

Helga var komin á **kreik** og var ekki lengur _____

Skrifleg verkefni, bls. 44–51



- ❖ Skrifaðu eftir upplestri og leiðréttu síðan. Textinn er á bls. 45.

- ❖ Skrifaðu orðin sem vantar inn í eyðurnar. Textinn er á bls. 49 í bókinni.

„Við _____ koma út og _____. Hver veit hve
_____ daga við _____ í skipinu,“ sagði _____
við Helgu. „Og _____ niðri í _____ og getum ekki
_____ okkur og _____ einu _____ talað,“
_____ Helga við. Þau _____ út á _____
hamrana. Þeir voru _____ og _____ af sjófugli.

- ❖ Hvaða **tvö orð** mynda **samsett** orðin? Skrifaðu þau.

sjófuglar _____ og _____
blómavöndur _____ og _____
skipsbátar _____ og _____



Skrifleg verkefni – lesskilningur, bls. 44–51

Hvers vegna fór fólk í land þótt það væri ekki komið til Íslands?

Hvernig var fólk flutt í land og hvað varð um dýrin á meðan?

Hvar gisti fólk og hvernig var veðrið fyrsta morguninn í þessu ókunna landi?


Lýsið landslaginu á eyjunni sem þau höfðu viðdvöl á.

Hvað merkja eftirfarandi setningar?

Hamrarnir voru krökkir af sjófugli. _____

Loðmundur var úfinn og þungur á brún. _____

Þetta er dálítið svipað.



Munnleg verkefni, bls. 52–60

Hljóðtenging

Kennari hljóðar stafi orða og nemendur finna orðið: fólkið, logaði, hékk, graut, flúið, hvíslaði, sakna, sloppin, borðstokkinn, tröllkarl, hellinum, skríkti, frjáls, karlmaður.

Nemendur skrifa eftir upplestri, bls. 60.


Ég vona bara að Þórir **klifri** upp á **klettinn** og gái hvað er í **pokanum** sem **tröllið rog-ast** með. Þá fær Aldís **loksins** að vita það **skríkti** Helga.

Nú var farið að **hvessa** og **seglin** voru undin **upp**. Skipin **sigldu hratt** í **norðurátt**.

Áður en nemendur skrifa textann sjálfir beinir kennari athygli þeirra að rithætti **feitletruðu** orðanna. Hentugt er að skrifa orðin á töfluna og minna á reglur um stóran staf, tvöfaldan samhljóða í innstöðu og minn- og mín- regluna. Minna á erfiðleika við að greina á milli hljóðlíkra stafa.

Hljóðgreining, forhljóð/samhljóðasambönd

Nemendur bæti eftirfarandi samhljóðasamböndum framan við orðið **amma** og sjá hvaða ný orð verða til: **str**, **pr**, **sk**, **hl**, **þr**, **dj**, **kj** og **gj**.



Skrifleg verkefni, bls. 52–60

- ❖ Skrifaðu eftir upplestri og leiðréttu síðan. Textinn er á bls. 59 og 60.

- ❖ Skrifaðu rétt sérhljóð í eyðurnar. Berðu svo saman við textann á bls. 58.

Þau h___fa l___mast h___m á b___ og h___tt f___lkið

hennar Ald___sar hv___slaði hún. N___ eru þ___ll í

h___llinum sem eng___nn v ___t um n___ma þau sv___raði Ísólfrur.

- ❖ Hér er nokkur nafnorð í eintölu en það er búið er að rugla stöfunum í orðunum. Raðaðu stöfunum í rétta röð. Feitletraði stafurinn er fyrsti stafurinn í orðinu.

ngvai _____ vangi _____ ædgru _____ daln _____

lkttreu _____ kpoi _____ iurslf _____

utsgru _____ lþrlæ _____ rhleli _____

ouptrt _____ kóflði _____ jtóga _____



Skrifleg verkefni – lesskilningur, bls. 52–60

Hvað vakti undrun fólksins þegar það vaknaði?

Hvernig var umhorfs í litla bænum sem þau komu að á eyjunni?


Hvernig vissu börnin að þetta væri eyjan hennar Aldísar?

Afhverju sögðu börnin ekki foreldrum sínum frá hellinum sem var að öllum líkindum felustaður fólksins á eyjunni?

Hvers vegna tók Atli flóttu Aldísar og Þóris nærri sér?

Hvað áttu þau margra daga siglingu fyrir höndum til Íslands?

Hvernig var spá goðanna áður en þau lögðu af stað og hvernig kom hún fram?



Munnleg verkefni, bls. 61–66

Nemendur skrifa eftir upplestri, texti á bls. 62

Svo **birtust** bláar **þústir** yfir **haffletinum**. Sérðu **allar eyjarnar** sagði Ísólfur. **Þetta** eru **fjallstindar** en **ekki eyjar**. Nú held ég að við séum **komin** til Íslands sagði Bjólfur. **Smátt** og **smátt** reis landið úr **hafi**. **Eyjarnar breyttust í fjöll** sem voru **fyrst** blá en urðu brún þegar nær dró.

Áður en nemendur skrifa textann sjálfir beinir kennari athygli þeirra að rithætti **feitletruðu** orðanna. Hentugt er að skrifa orðin á töfluna og minna á reglur um stóran staf, tvöfaldan samhljóða í innstöðu og minn- og mín- regluna. Minna á erfiðleika við að greina á milli hljóðlíkra stafa og hvetja nemendur til að reyna að festa y-orð í minni.

Hljóðeyðing innan úr orði:

Hvernig breytast eftirfarandi orð þegar einn stafur/hljóð er tekinn/tekið í burtu?

S úr orðinu fjarska-fjarka

A úr orðinu bláar-blár

N úr orðinu hnituhú-hituhú

M úr orðinu samt-sat

J úr orðinu fjall-fall

L úr orðinu blá-bá

M úr orðinu smátt-sátt

S úr orðinu sástu-sátu

T úr orðinu stokkur-sokkur

K úr orðinu skein-sein

Finna leyniorð:

Nemendur reyna að finna eins mörg tveggja-, þriggja-, fjögurra- o.s.frv. stafa orð úr eftirfarandi stöfum:

r h n g r i u

Tveggja stafa: hu

Þriggja stafa: hug, urr

Fjögurra stafa: Hugi, ungi

Fimm stafa: hring, grugg, hrinu, hnigu

Sex stafa: hungur,

Sjö stafa: hringur



Skrifleg verkefni, bls. 61–66

- ❖ Skrifaðu eftir upplestri og leiðréttu síðan. Textinn er á bls. 62.

- ❖ Hvernig breytast eftirfarandi orð þegar einn stafur er tekinn í burtu? Skrifaðu orðin á línurnar.

s úr fjarska _____

a úr bláar _____

n úr hnitúðu _____

m úr samt _____

j úr fjall _____

l úr blá _____

m úr smátt _____

s úr sástu _____

t úr stokkur _____

k úr skein _____

- ❖ Reyndu að finna eins mörg tveggja-, þriggja-, fjögurra- og fimm stafa orð áður en þið finnið leyriorðið úr stöfunum **SLNDÍA**

Leyniorðið er: _____



Skrifleg verkefni – lesskilningur, bls. 61–66

Hvernig er nýja landinu lýst í bókinni á bls. 63?

Hvers vegna henti Loðmundur öndvegissúlum sínum í sjóinn?


Hvers vegna henti Bjólfur ekki sínum öndvegissúlum í sjóinn?

Raðaðu orðunum í rétta röð. Fyrsta orðið er með stórum staf:

reis landið hafi og Smátt hafi smátt úr

rann haf Sólin blátt blár við himinn saman skein og

sigldu ströndinni upp Skipin að



Munnleg verkefni, bls. 67–74

Nemendur skrifa eftir upplestri, bls. 68

Þó voru **kýrnar** glaðastar af **öllum**. Þær **hlupu** um og **slettu klaufunum hátt** í loft. Ísólfur og Helga **hoppuðu** líka **fram** og aftur og **stungu** sér **kollhnís** af **kæti**. Þið eruð **ekkert** betri en **kýrnar**, **fussaði** Atli bróðir þeirra.

Áður en nemendur skrifa textann sjálfir beinir kennari athygli þeirra að rithætti **feitletruðu** orðanna. Hentugt er að skrifa orðin á töfluna og minna á reglur um stóran staf, tvöfaldan samhljóða í innstöðu og minn- og mín- regluna. Minna á erfiðleika við að greina á milli hljóðlíkra stafa og hvetja nemendur til að reyna að festa y-orð í minni.

Lesbútar

Munið að sérhljóðin eru jafnmörg og klöppin í orðunum. Þegar orð eru samsett þurfa nemendur að byrja á því að skipta um samskeytin.

Hvað eru mörg klöpp/lesbútar í eftirfarandi orðum (spyrja einn nemanda í einu): landnámið, karlmönnunum, Austfjörðum, Valhöll, Valhallar, friðsæll, friðsælur, snarbratt, snarbrött, þrælur, þrælarnir, kappar, köppunum.

Lýsingarorð og kyn

Hvernig breytast eftirfarand lýsingarorð eftir kynjum?

Fjallið er snarbratt, hlíðin er snarbrött, kletturinn er snarbrattur.

Dalurinn er friðsæll, Helga er friðsæl, barnið er friðsælt.

Atli er grimmur, Helga er grimm, barnið er grimmt.

Báturinn er gamall, Helga er gömul og barnið er gamalt (gamall-eldri elstur).

Skrifleg verkefni, bls. 67–74



- ❖ Skrifaðu eftir upplestri og leiðréttu síðan. Textinn er á bls. 68.

Krakkarnir fylgdust spennt með landnáminu. Karlmennirnir tendruðu eldana með kyndlunum. Þegar sólin hvarf bak við fjallstindana hafði körlunum tekist að kveikja bál á ystu nesjum fjarðarins. Þannig eignaðist Bjólfur allan fjörðinn.

Flokkaðu orðin í textanum eftir **fjölda sérhljóða**. Gott er að klappa orðin og/eða strika undir sérhljóðin í orðunum áður en þú skráir þau.

1 sérhljóð	2 sérhljóð	3 sérhljóð	4 sérhljóð



Skrifleg verkefni – lesskilningur, bls. 67–74


Hvað ætlaði Bjólfur að láta fjallið í firðinum heita?

Hvernig fóru menn að því að helga sér land til forna?

Hvað tókst Bjólfi og mönnum hans að nema stórt landsvæði?

Hvað fannst Atla athugasvert við staðarval föður síns og hvað ætlaði hann að gera í framtíðinni?

Hvernig ætlaði Atli að hefna sín á Þóri?



Munnleg verkefni, bls. 75–80

Nemendur skrifa orðin eftir upplestri, bls. 77.

Bláleitur **reykur** liðaðist upp frá **eldstónni**, **hærra** og **hærra**, næstum **alla** leið upp í rauð **kvöldskýin**. Hlátur og **sköll** ómuðu í **kyrrðinni**. Sumir voru farnir að **syngja** og kveða og fuglarnir tístu í **kapp** við þá.

Útdráttur og ritdómur um bók (fjalla um bókina með nemendum):

Það er mikilvægt að gera sér grein fyrir efni sögunnar, sögusviði, aðalpersónum, aukapersónum og atburðarás (röð hennar). Einnig er gott að athuga hvort draga megi einhvern lærdóm af sögunni eða hvort hún flytur okkur einhvern boðskap.

Efni:

Tvær fjölskyldur flytja frá Noregi til Íslands. Sagt er frá tveimur trúarbrögðum.

Sögusvið:

Noregur, Atlantshafið, eyja í Atlandshafi (Ljóðhús) og Ísland. Gerist á landnámsöld (900–1000)

Aðalpersónur:

Helga og Ísólfr, en við sjáum söguna aðallega frá sjónarhorni þeirra.

Helstu aukapersónur:

Aldís, Þórir og Atli (síðan Bjólfur, Loðmundur og Dalla).

Atburðarrás:

Gott er að fletta bókinni, skoða hvern kafla fyrir sig og draga síðan saman atburðina.

1. Í Noregi, undirbúningur fyrir flutninginn
2. Blót
3. Saga Aldísar
4. Ferðin
5. Flótti Aldísar og Þóris
6. Koman til Íslands og helgun landsins/landnámið.

Boðskapur:

Það er örlagarík ákvörðun að flytjast búferlum og því fylgir áhætta, eftirvænting og von um betri afkomu. Slík ferðalög þarfnast því mikils undirbúnings og samstöðu.

Samanburður á heiðinni og kristinni trú og mikilvægi þess að fólk beri virðingu fyrir trú og siðum annarra án fordóma.

Að leyfa fólki að lifa frjálsum.

Gera ekki lítið úr öðrum og fjalla um tilfinningar, karlmennsku, tryggð, söknuð, reiði og vináttu.



Skrifleg verkefni, bls. 75–80

- ❖ Skrifaðu eftir upplestri og leiðréttu síðan. Textinn er á bls. 77.

- ❖ Settu lýsingarorðið **bláleitur** í eyðurnar. Hugsaðu um hvernig lýsingarorðið breytist eftir nafnorðinu sem það stendur með.

reykurinn er _____ birtan er _____ það er _____

- ❖ Settu lýsingarorðið **indæll** í eyðurnar. Hugsaðu um hvernig lýsingarorðið breytist eftir nafnorðinu sem það stendur með.

staðurinn er _____ stúlkan er _____ barnið er _____

- ❖ Finndu **rímorð** og skrifaðu þau á línurnar.

mætast _____

vissi _____

staður _____



Skrifleg verkefni – lesskilningur, bls. 75–80

Af hvaða tilefni var blót haldið? _____

Hvers vegna var ekki búfánaði blótað í þetta sinn? _____

Hvernig leist Helgu og Ísólfi á nýju heimkynni sín? _____

Skrifaðu í stuttu máli um hvað sagan Landnemarnir fjallar. Taktu fram hver er höfundur bókarinnar og hver gerði myndirnar.
